

- 1 -

Skýrsla um vinnuna á Hallormsstabaskógi 1916.

Skógarhögg: Haldið áfram grisjun í Hólunum neðan við bæinn og upp af Gatnaskógi. Einnig fyrir sunnan bæinn milli Kerlingarár og Króklæks og fyrir innan Kroklæk fyrir ofan alfaravegin. Sömuleiðis grisjað dálítið fyrir sunnan Atlavíkurlæk í Vörðuhrauninu. Efniviður þar með raftur, hefur verið höggvin í Lýsishólnum og Flataskóginum upp af Ormsstöðum, sunnan við Ormsstaði uppæ af Kliftjörn og í Gatnaskóginum. Einnig í Suðurskóginum í Atlavík og Vörðuhrauni og dálítið utan við Atlavík. Meðal annars var höggvin efniviður af gildari trjam og send til Reykjavíkur. 200 girðingarstaurar voru og höggnað til að senda til Vopnafjarðar.

Girðingin: Viðgerð á henni var nokkuð minni í ár, en undanfarið. Má þakka því að snjórinn í fyrra vetur lagði smátt og smátt. Þegar mikinn snjó leggur í einu fara girðingarnar verst.

Græðireiturinn: Sáð var reyniviðarfræi frá Skaftafelli í Öræfum í ca. 4 beð. Það kom ekki upp á þessu ári. Dreift var ca. 3000 stk af íslensku birki úr fræbeðunum. Einnig settir stönglar af ribs og véði. Birkifræið sem sáð var í fyrra vor og kom þá illa upp, sökum kulda og þurrk, sem þá voru, fór að koma upp strax og klaka leysti í vor og kom allvel upp í flestum beðum. Yfirleitt var góð framför í græðireitnum í sumar. Einkum fór lævirkjaplöntunum vel fram og reynivið í fræbeðum. Lævirkinn er nú orðinn hæfilega stór til plöntunar. Einnig er nokkuð af íslensku birkiplöntunum á því stigi. Reyniviðarplönturnar eru nú mátulegar til að dreifa út úr fræbeðunum á næsta vori.

Í haust voru öll fræbeð og sumt af útgræðslubeðunum þakin með mosa. Áburður settur meðfram ribsplöntunum og borinn áburður í þá reiti sem auðir stóðu og teknir verða til útgræðslu á plöntum úr fræbeðum á næsta vori.

Nokkrar lævirkja- furu- og birkiplöntur voru teknar úr græðireitnum og gróðursettar í skóginum (Mörkinni) til reynslu.

Maðkur var mikill í skóginum í sumar, eins og í fyrra og fræ óx ekkert í sumar. Olli því eflaust mest maðkurinn sem lagðist einkum á gömlu trén og gerði þau því nær lauflaus í júlímánuði. En er á leið sumarið náðu þau sér furðanlega.

Framför á skóginum hefur verið miklu minni nú seinustu tvö árin en áður vegna maðksins og hins kalda sumars í fyrra, 1915. Annars fór ungviði allvel fram hér í sumar, því maðkurinn lagðist aðallega á gömlu trén og miðaldra skóginn.

Skýrsla um eftirlitsferðir í skógræktarumdæmi V 1916.

Um mánaðarmótin júlí og ágúst fór ég ferð um Breiðdalshrepp, Fáskrúðsfjörð, Reyðarfjörð og Mjóafjörð. Í september fór ég um Fljótsdalshrepp, Skriðdalshrepp og Vallagrepp og út í Eidagrepp.

Skal eg nú stuttlega skýra frá ástandinu á þessum stöðum.

Jórvík í Breiðdal: Höggvið hefur verið í kjarrinu þar dálítið, en víðast hvar ekki grisjað með neinni reglu. Hvergi þó stór rjóður gerð. Kjarrið verður fyrir miklum ágangi af sauðfé og þar það þess ljósan vott í sumar eftir hinn harða vetur og vor í fyrra.

Gilsárstekkur í Breiðdal: Miklu betra útlit þar á kjarrinu og grisjun allgöð. Kjarrinu hefur farið talsvert fram nú seinustu árin. Enda ekki að sjáað það sé mikið beitt.

Eydalir í Breiðdal: Þar hefur mjög lítið verið grisjað tvö seinustu árin. Engin nýleg framför á kjarrinu þar. Yfirleitt er kjarr þetta mjög kirkingslegt.

Tunga í Fáskrúðsfirði: Ekkert höggvið þar seinustu árin. Kjarrinu þar hefur farið allvel fram. Hæstu hríslur þar eru 3 álnir. Maðkur var nokkur þar í kjarrinu, en ekki mjög magnaður.

Gestsstaðir í Fáskrúðsfirði: Mjög lítið höggvið þar. Töluverð framför síðan ég kom þar 1914. Raunar er kjarrið lágt, aðeins 2½ álnir hæstu hríslur, en þar er allstórt svæði samfeldur skógur. Sauðfjárbeitin gerið her mikinn skaða.

Stuðlar í Reyðarfirði: Þar hefur töluvert verið grisjað undanfarit. Má það heita viðunnanlega af hendi leyst. Annars fremur lítil framför á kjarrinu hér.

Fjörður í Mjóafirði: Girdingin þar mjög úr lagi gengin. Réði ég Gunnar Þyðsson í Holti til að gera við hana og samdi við hann um 45 krónur fyrir verkið. Kjarrinu þar hefur farið ágætlega fram síðan 1913. Ég mældi þar 15 cm. langan ársvöxt.

Seljarteigur í Reyðarfirði: Þar er töluvert kjarr sunnan í Grænafelli svökölluðu. Er það beggja megin Fagradalsbrautarinnar. Kjarr þetta er sumstaðar mannhæðarhátt og í góðum vexti. Þar hefur ekkert verið höggvið undanfarin ár.

Kleyfarskógur í Fljótsdal: Þar hefur verið mjög mikill maðkur og er skógurinn sumstaðar að spreka af völdum hans. Kjarrið er vestan við Jökulsá í Fljótsdal, langt fyrir innan Kleyf innsta bæ í dalnum. Tekur það yfir allstórt svæði, en er fremur kirkingslegt. Það er um 4 álnir á hæð. Þar er ekkert höggvið.

Arnaldsstadir í Fljótsdal: Þar er á hverju ári grisjað töluvert. Yfirleitt er grisjunin þar í góðu lagi. Afarmikil framför í þeim skógi. Enda mikill hluti skógarins þar orðinn svo hár að fé nær ekki til að skemma hann. En lítið er um nýgræðing þar vegna fjárbeitarinnar.

Víðivellir ytri í Fljótsdal: Lítið grisjað þar síðastliðið ár. Víðast allvel af hendi leyst. Skoginum fer vel fram þar sem fé gengur lítið á vetrum. En neðri hluti skógarins verður fyrir mikilli beit og á hann þar mjög erfitt uppdráttar.

Hrafnkellsstadir í Fljótsdal, Ranaskógur: Þar er mikið búið að grisja á 8 arum síðan þar var fyrst byrjað. Mikill partur af ítaki Víðivalla er ný grisjaður. Verkið er yfirleitt mjög vel af hendi leyst. Skógurinn allviða 12-14 fet á hæð, sumstadar hærri.